

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2009/EES/71/31

frá 29. nóvember 2007

um nýjan frest til að leggja fram málsskjöl fyrir tiltekin efni sem rannsókuð verða í 10 ára vinnuáætluninni sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB (*)

(tilkynnt með númeri C(2007) 5751)

(2007/794/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2032/2003 frá 4. nóvember 2003 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar, sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna, og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1896/2000 ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 2032/2003 er sett fram skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegar skráningar þeirra í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB.
- 2) Að því er varðar nokkrar samsetningar efna og sæfiefnaflokka, sem eru í þeirri skrá, hafa allir þátttakendur annaðhvort dregið sig til baka eða engin málsskjöl höfðu borist skýrslugjafaraðildarríkinu, sem tilnefnt var til matsgerðarinnar, áður en frestirnir, sem tilgreindir eru í V. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2032/2003, runnu út.
- 3) Af þessum sökum og skv. 3. og 4. mgr. 8. gr. og 5. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 2032/2003 hefur framkvæmdastjórnin tilkynna aðildarríkjunum um þetta. Þessar upplýsingar voru einnig birtar opinberlega með rafrænum hætti 14. júní 2006.

- 4) Innan þriggja mánaða frá rafrænni birtingu upplýsinganna lýstu fyrirtæki áhuga á því að taka við hlutverki þátttakanda, að því er varðar sum viðkomandi efni og sæfiefnaflokka, í samræmi við 4. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 2032/2003.
- 5) Því er rétt að ákveða nýjan frest til að leggja fram málsskjöl fyrir þessi efni og sæfiefnaflokka.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfiefni.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Nýjum fresti til að leggja fram málsskjöl fyrir efnin og sæfiefnaflokkana, sem eru tilgreind í viðaukanum, lýkur 30. apríl 2008.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 320, 6.12.2007, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, 21.8.2008, p. 16

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 307, 24.11.2003, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1849/2006 (Stjtið. ESB L 355, 15.12.2006, bls. 63).

VIÐAUKI

EFNI OG SÆFIEFNAFLOKKAR ÞAR SEM NÝR FRESTUR, 30. APRÍL 2008, HEFUR VERIÐ SETTUR FYRIR FRAMLAGNINGU MÁLSSKJALA

Heiti	EB-nr.	CAS-nr.	Sæfiefnaflokkur
Línalól	201-134-4	78-70-6	19
Geraníól	203-377-1	106-24-1	18
Geraníól	203-377-1	106-24-1	19
Própoxúr	204-043-8	114-26-1	18
Fenítrópíón	204-524-2	122-14-5	18
Koltvísýringur	204-696-9	124-38-9	19
Metýlantranílat	205-132-4	134-20-3	19
Díasínón	206-373-8	333-41-5	18
Okt-1-en-3-ól	222-226-0	3391-86-4	19
Pýretrín og pýretróíð	232-319-8	8003-34-7	19
S-[(6-klór-2-oxóoxasóló[4,5-b]pýridín-3(2H)-ýl)metýl]-O,O-dímetylþíófosfat/asameþífos	252-626-0	35575-96-3	18
5,5-dímetýl-perhýdró-pýrimídín-2-ón- -(4-tríflúormetýlstýrýl)- -(4-tríflúormetýl)sínnamýlídenhýdrasón/hýdrametýlnón	405-090-9	67485-29-4	18